



UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR

STOFNAÐ 26 APRÍL 1912

Stjórnarfundur UMSB var haldinn að Digranesgötu 2 þann 2. október 2023 kl.17:00.
Mætt voru: Guðrún Hildur Þórðardóttir, Raket Dögg Sigurgeirsdóttir, Sölvi G Gylfason, Ólafur Daði Birgisson, Elisabeth Ýr M. Egilsdóttir og Bjarney Lárud. Bjarnadóttir

Dagskrá fundar:

1. Sambandsstjóri setur fundinn
Fundur er settur kl.17:12
2. Sambandsstjóri ber undir atkvæði fundargerð síðasta stjórnarfundar –
Septemberfundinum var frestað og því engin fundargerð til að bera undir atkvæði að þessu sinni.
3. Framkvæmdastjóri fer yfir dagskrá haustsins og hvaða verkefni liggja fyrir.

Bjarney framkvæmdastjóri fór yfir hvernig Be active vikan tókst til. Margt vel heppnað, annað sem hægt er að læra af, t.d. að skoða skóladagatöl skólanna á sambandssvæði UMSB upp á að viðburðir fyrir þann aldur skarist ekki við t.d. smíðjuhelgar eins og raunin var í ár.

Mjög léleg mæting á fyrirlestur um Sarcopenia, spurning hvort tímasetning hafi verið óheppileg. Fyrirlesturinn var kl.15, sennilega verið betra að hafa hann kl.17.

Vel heppnað teipinganámskeið hjá Raket Dögg og Guðríði Hlíf, sérstaklega var góð mæting frá knattspyrnudeildinni.

Mjög flott mæting hjá yngri hópnum á hlaupanámskeið hjá Silju Úlfars, knattspyrnudeildin fær líka hrós fyrir að hafa kynnt viðburðinn fyrir sínum iðkendum, enda var stærsti hlutinn af þeim sem mættu frá fótboltanum.

Teams fundur með Bjartur lífsstíll – frekar óljóst hvert hlutverk UMSB á að vera í því. Þau sögðu alveg ljóst að sveitarfélagið ætti að bera ábyrgð á að auglýsa framboð og það sem er í boði á þeirra vegum. Verður annar fundur eftir áramót.

Kjör íþróttamanneskju ársins fer fram í samfloti við Þrettándahátíð Borgarbyggðar, þrettándinn er á laugardegi árið 2024. Stjórn UMSB þarf að ákveða tímasetningu fyrir kjörið. – ákveðið var að hafa hátíðina um kl.15 og fela einhverju aðildarfélagi að sjá um

að halda hana. Upphæð fyrir það verður ákveðin á næsta stjórnarfundum og eins hvernig verðlaunum verður háttað.

Sameiginleg yfirlýsing frá íþróttahreyfingu Vesturlands varðandi fordóma og hatursorðræðu? Lagt til að leggja fram tillögu á UMFÍ þinginu um sameiginlega yfirlýsingu allra aðildarféлага.

4. Árshlutauppgjör lagt fram

Farið var yfir fjárhagsstöðu sambandsins á árinu fram til þessa. Rætt var hvað skal gera við þá fjármuni sem eru að safnast upp, t.d. afrekssjóðinn. Verður rætt nánar á formannafundi.

5. Auka úthlutun starfsstyrkja –

Í ljósi þess að fjármunir hafa verið að safnast upp var rætt um að hafa auka úthlutun starfsstyrkja og eftir sömu reglum. Framkvæmdastjóri sýndi nokkrar sviðsmyndir sem kæmu til greina við úthlutun, verður kynnt á formannafundi sem haldinn verður þann 17. okt nk.

6. Unglingalandsmót – fara yfir hvaða hlutverk þarf að skipa og hver koma til greina í þau hlutverk

7. Önnur mál

- Aksturgreiðslur til stjórnar – dattu einhverra hluta niður. Ákveðið var að taka þær upp aftur þar sem mörg í stjórn eru að koma langt að. Framkvæmdastjóri mun halda utan um akstursdagsbók. Ákveðið var að greiða 141 kr per km umfram fyrstu 10 km sem er í samræmi við það sem viðgengst á opinbera vinnumarkaðnum.
- Íbúðamálin á Þorsteinsgötu – töluverð kergja hefur verið vegna húsnæðisins á Þorsteinsgötu sem íþróttahreyfingin hefur til afnota. Til að reyna að höggva á hnútinn hefur UMSB ýtt á Borgarbyggð að gera styrktarsamning við UMSB sem gerir svo samning um afnot við þær deildir sem hafa verið að nota húsnæðið. Körfuknattleiksdeildin og fótboltinn hafa hingað til skipt húsinu á milli sín eftir því hvort tímabilið er í gangi.

Þær tillögur sem hafa komið fram eru eftirfarandi:

Ræða þarf við Borgarbyggð um hvort þau geti komið viðhaldsmálum á einhvern hátt. Einnig þarf að setja það í samning hvernig viðhaldsmálum verði háttað, allavega mikilvægt að UMSB verði upplýst um hvað þarf að gera og hvenær.

Að UMSB greiði fyrir þrif tvisvar á ári (þegar íbúaskipti eru) og netkostnað sem deilist niður á mánaðarlega húsaleigu.

- Sögutorgin – erindi frá verkefninu Sögutorgin kynnt.

Ekki gafst tími til að fara yfir þær tillögur sem lagt er til í verkefninu Sögutorgin, framkvæmdastjóri UMSB sendir þær til stjórnar UMSB í pósti og stjórnarfolk sendir sitt álit til framkvæmdastjóra sem kemur því áfram til Alternance, sem fer fyrir verkefninu, í kjölfarið. Stjórn UMSB þakkar Alternance fyrir að leita til sín varðandi álit. Þetta er verkefni sem varðar okkur öll og mikilvægt að sem flestar raddir fái að heyrast

Fundi slitið kl.19:38